

Tómstundaheimilið Regnboginn

Tillaga um undirbúningsviku fyrir börn í 1. bekk í Regnboganum áður en skólastarf hefst

Ég undirrituð, Valgerður Ósk Ásbjörnsdóttir umsjónarmaður Regnbogans, tómstundaheimilis Hofsstaðaskóla óska hér með eftir að skólanefnd Garðabæjar taki eftirfarandi tillögu til skoðunar og afgreiðslu:

Börn sem byrja í 1. bekk haustið 2016 eigi kost á að byrja í Regnboganum viku fyrir skólasetningu. Miklar breytingar eiga sér stað þegar börn hefja grunnskólagöngu og þeim breytingum getur fylgt kvíði og óöryggi. Á fyrstu skóladögum þurfa börnin að læra á nýtt umhverfi og fara á milli staða í stóru húsi. Regnboginn er mjög stór vinnustaður fyrir börnin en þar dvelja oft yfir 150 börn á sama tíma sem getur verið ógnvekjandi fyrstu dagana. Ef börnin eiga kost á að kynnst skipulaginu og umhverfinu í Regnboganum og skólanum er líklegra að hægt sé að skapa rólegra umhverfi og hefja faglegt starf fyrir.

Þessi breyting mun væntanlega létta undir með foreldrum sem oft á tíðum þurfa að leysa gæslu fyrir börnin með því að taka orlof eða leita til vina og ættingja.

Í núverandi skipulagi hefur Regnboginn opnað fyrir nemendur í 2.-4. bekk eftir skólasetningu, sem hefur ekki verið gert í öðrum skólum sem Garðabær rekur. Ef þessi tillaga nær fram að ganga verður Regnboginn lokaður á skólasetningardaginn enda þurfa starfsmenn að undirbúa starfið framundan.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Regnboginn yrði opinn frá kl. 8.30-16.30. Foreldrar myndu skrá börnin sérstaklega fyrir þessa viku. Með þessu gefst betri tími fyrir börnin til þess að læra á skráningarkerfið, kynnst umhverfinu og aðlagast. Þetta yrði einnig nokkurs konar aðlögun fyrir foreldrana sem gæfi þeim betri innsýn í það starf sem fer fram innan veggja tómstundaheimilisins.

Ef miðað er við að börnin yrðu 50 talsins má reikna með því að auk umsjónarmanns þyrfti fjóra starfsmenn til að vinna með börnunum. Starfsmennirnir hagnast einnig á þessu og fá betra tækifæri til að kynnst nýju nemendunum og komast inn í starfið.

Er það von mín að þetta skipulag leiði til meira öryggis hjá yngstu nemendunum sem og foreldrum þeirra. Einnig ætti að vera hægt að hefja faglega hluta starfsins fyrir en ella og setja af stað klúbba og val sem henta eldri nemendum og með því draga úr brottfalli nemenda í 3. og 4. bekk.

Valgerður Ósk Ásbjörnsdóttir 15.10.2015